

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, 4. áfangi íbúðarbyggðar á Völlum.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingarnar varða 4. áfanga íbúðarbyggðar á Völlum og eru eftirfarandi:

- Afmörkun íbúðarsvæðis breytist.
- Opið svæði milli íbúðarsvæða breytist í íbúðarsvæði.
- Afmarkað er nýtt opið svæði til sérstakra nota sem nýtur hverfisverndar. Í hverfisverndinni felst að hvorki má raska landslagi né gróðri og allar framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi.
- Meginöguleiðum er breytt til samræmis við ofangreindar breytingar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 7. janúar 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.